

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 28/1998

Auglýsing Logalands ehf. á Kyolic „Hugsar þú um heilsuna?“

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Þann 12. febrúar 1998 birtist í Morgunblaðinu auglýsing frá Logalandi ehf. á hvítlauksafurðinni Kyolic með fyrirsögninni:

„Hugsar þú um heilsuna?“

Í auglýsingunni segir síðan:

„Vissir þú að Kyolic kaldþroskaða hvítlauksafurðin hefur í fjölda ára verið rannsökuð í tilraunum styrktum af krabbameinsstofnun Bandaríkjanna, National Cancer Institute?“

Kyolic á að baki vísindarannsóknir fjölda vísindamanna í yfir 25 ár. Ef þú gerir þær kröfur til lyfja að þau séu vel rannsökuð og geri gagn, því ekki að gera sömu kröfur til fæðubótarefna? Það gerum við.“

Neðanmáls var vísað til heimilda.

Neytandi kvartaði til Samkeppnisstofnunar yfir auglýsingunni. Jafnframt sendi kvartandi Samkeppnisstofnun afrit tölvubrúfs hans til starfsmanns Krabbameinsstofnunar Bandaríkjanna, dags. 12. febrúar 1998 og svar starfsmannsins dags. 24. febrúar. Í tölvubrúfinu kemur fram að kvartandi hefur lagt fram fyrirspurn til Krabbameinsstofnunarinnar um hvort stofnunin hafi styrkt rannsóknir á Kyolic. Í svari starfsmanns Krabbameinsstofnunarinnar segir m.a. að leit í gagnabönkum stofnunarinnar hafi ekki leitt í ljós styrk til framleiðanda Kyolic eða rannsóknir á afurðinni.

Samkeppnisstofnun hafði samband við Logaland í framhaldi af kvörtuninni og lagði fyrirtækið fram grein um rannsókn hvítlauks, auglýsingunni til fulltingis, sem og heimild þá sem vitnað var til í auglýsingunni.

2.

Hinn 3. apríl sl. sendi Samkeppnisstofnun Logalandi bréf þar sem m.a. var óskað eftir sjónarmiðum fyrirtækisins vegna kvörtunarinnar. Í athugasemdum Logalands, dags. 15. apríl, eru boðuð svör við erindi stofnunarinnar síðar.

3.

Þann 21. apríl sl. sendi Samkeppnisstofnun m.a. þetta mál til umsagnar Lyfjæftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins. Í svari Hollustuverndar ríkisins, dags. 28. apríl 1998, kemur fram að stofnunin geti ekki orðið að liði í þessu máli. Svar Lyfjæftirlits ríkisins er dags. 5. júní 1998 og þar segir m.a.:

„Lyfjæftirlit ríkisins vill strax taka fram að umræddar vörur eru á markaðnum sem almennar vörur (náttúruvörur, fæðubótarefni), það er þær eru undanþegnar ákvæðum lyfjalaga nr. 93/1994 um lyf (náttúrulyf). Vörurnar eru því ekki náttúrulyf og ekki má markaðssetja þær nema sem fæðubótarefni eða náttúruvöru.

Óheimilt er í auglýsingum og kynningum á fæðubótarefnum og náttúruvörum að gefa til kynna að vara kunni að hafa lækningamátt...

Upplýsingar þess efnis að vara geti haft áhrif á heilsu viðkomandi hvort sem er til að fyrirbyggja, lækna eða draga úr einkennum sjúkdóma eru óheimilar. Þannig er óheimilt að fullyrða að vara styrki ónæmiskerfið. Einnig er óheimilt að vísa í rannsóknir þar sem áhrif tiltekins efnis eru prófuð í sambandi við sjúkdóma. Fullyrðingar eins og lækniþfræðilega prófað eru einnig óheimilar.

Lyfjæftirlit ríkisins hefur ítrekað bent hlutaðeigandi fyrirtækjum á ákvæði 23. gr. læknalaga þar sem segir að bannað sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars.

Um síðast liðin áramót tók gildi reglugerð nr. 684/1997 sem fjallar um markaðsleyfi fyrir náttúrulyf. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir meðal annars: Sækja þarf um markaðsleyfi náttúrulyfs fyrir náttúruvöru sem er markaðssett eða auglýst á þann hátt að ljóst sé að viðkomandi vara sé ætluð til lækninga,

fróunar eða varna gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Sama gildir um náttúruæfni sem ætlað er að hafa áhrif á líkamsstarfsemi manna eða dýra eða er markaðssett með þeim hætti.

Ekki hefur verið veitt markaðsleyfi fyrir náttúrulyf enn sem komið er. Óheimilt er að flytja inn, selja eða kynna náttúrulyf sem ekki hefur verið veitt markaðsleyfi fyrir...

Lyfjæftirlit ríkisins lítur svo á, að þau gögn sem fylgja erindi Samkeppnisstofnunar og sem fjalla um notagildi vörunnar til að lækna og/eða fyrirbyggja sjúkdóma séu málinu óviðkomandi þar sem um almenna vöru er að ræða...

Umræddar vörutegundir hafa komið til meðferðar Lyfjæftirlits ríkisins. Sú meðferð felst í því að kanna með hliðsjón af þeim gögnum sem væntanlegur innflytjandi leggur fram hvort varan geti talist skaðlaus við venjulega notkun. Enn fremur er litið til þess hvort á umbúðum eða í fylgigögnum með vörunni sé gefið í skyn að varan geti haft lækningamátt – sé svo er ekki um fæðubótarefni eða náttúruvöru að ræða. Við umfjöllunina er ekki lagt mat á gæði eða gagnsemi vörunnar eða fullyrðingar þar um.“

Þá var upplýst í samtali við starfsmann Lyfjæftirlits ríkisins að vara sem samþykkt væri af Lyfjæftirliti ríkisins til sölu á íslenskum markaði sem almenn vara, mætti hvorki kynna né auglýsa sem lyf, náttúrulyf eða að hún byggi yfir lækningarmætti. Sé það gert, væru forsendur brostnar fyrir vörunni á markaðnum þar sem leyfi til sölnunnar væri háð því að varan væri hvorki lyf né náttúrulyf og þar af leiðandi mætti ekki gefa til kynna að hún hafi lækningamátt. Taka þyrfti vöruna af markaðnum og sækja þyrfti um leyfi fyrir vöruna sbr. 4. gr. reglugerðar um náttúrulyf nr. 684/1997. Af þeim sökum væru ekki forsendur til þess að taka tillit til gagna sem lýsa vörunni með lækningamætti eða sem lyfi.

4.

Þann 1. júlí 1998 sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum umsögn Lyfjæftirlits ríkisins. Jafnframt var tilkynnt að sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni væri fyrirsjáanleg töf á afgreiðslu málsins. Engar athugasemdir bárust.

5.

Hinn 29. júlí 1998 sendi Logaland Samkeppnisstofnun bréf sem að hluta til var svar við ofangreindu bréfi stofnunarinnar frá 3. apríl sl. Þar segir að ekki komi fram við hvaða skrifstofu bandarísku Krabbameinsstofnunarinnar kvartandi hafi haft samband, að texti kvartanda í tölvubréfinu sé ekki traustvekjandi og að ósamræmið í tölvubréfinu sé algert.

II.

Álit auglýsinganefndar

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, þann 11. september 1998, var m.a. fjallað um auglýsingu Logalands sem birtist í Morgunblaðinu 12. febrúar 1998. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir.

Auglýsinganefnd var sammála um að leggja til við samkeppnisráð að umrædd auglýsing Logalands á Kyolic verði bönnuð. Með vísan til tilrauna styrktum af krabbameinsstofnun gefur auglýsingin í skyn að Kyolic geti haft áhrif á krabbamein. Að mati auglýsinganefndar er ekkert í þeim gögnum sem Logaland hefur lagt fram sem færir sönnur á slíkt. Birting auglýsingarinnar er því brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

Þá bendir auglýsinganefnd á að skv. upplýsingum frá Lyfjaeftirliti ríkisins er birting auglýsingar þar sem gefið er til kynna að fæðubótarefni eða náttúruvörur hafi lækningamátt óheimil skv. lyfjalögum. Hið sama á við um tilvísanir til rannsókna í sambandi við sjúkdóma.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Auglýsing Logalands ehf. á Kyolic hvítlauksafurðinni sem hér er til umfjöllunar fullyrðir að Kyolic hafi verið rannsökuð í tilraunum styrktum af Krabbameinsstofnun Bandaríkjanna.

21. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisráð telur að Logaland hefi ekki fært fullnægjandi sönnur á að Kyolic hvítlauksafurðin hafi verið rannsökuð í tilraunum sem Krabbameinstofnun Bandaríkjanna hafi styrkt. Með slíkri ósannaðri fullyrðingu telur samkeppnisráð að verið sé að vísa til óviðkomandi mála sbr. 21. gr. samkeppnislaga.

Þá er samkeppnisráð sammála niðurstöðu auglýsinganefndar um að auglýsingin sem hér er til umfjöllunar gefi í skyn að neysla á Kyolic geti hindrað eða læknað krabbamein. Samkeppnisráð telur að slíkt sé ósannað og auglýsingin veiti því rangar og villandi upplýsingar sbr. 21. gr. samkeppnislaga.

Jafnframt bendir samkeppnisráð á að Kyolic er náttúruvara eða fæðubótarefni og hefur leyfi Lyfjaeftirlits ríkisins til að vera til sölu á íslenskum markaði sem slíkt. Skv. álitum Lyfjaeftirlitsins eru auglýsingar þess efnis að vara geti haft áhrif á heilsu manna óheimilar þegar aðrar vörur en lyf og náttúrulyf eru auglýstar, sbr. VI. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 og reglugerð nr. 684/1997 um markaðsleyfi náttúrulyfja. Þá segir í 23. gr. læknalaga að bannað sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars.

Að mati samkeppnisráðs er samkvæmt framansögðu auglýsingin röng, ófullnægjandi og villandi. Jafnframt er hún ósanngjörn gagnvart keppinautum og neytendum þar sem skírskotað er til óviðkomandi mála. Auglýsingin er því brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Logalandi ehf., Bygggörðum 2a, Seltjarnarnesi, að vísa í auglýsingum til rannsókna á Kyolic sem gefa í skyn að náttúruvaran/fæðubótarefnið Kyolic hafi lækningamátt þar sem slíkt er ósannað og vísar til óviðkomandi mála.

Bannið tekur gildi við birtingu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 15/1998](#)]